

Iðnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
ritara iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 19.02.2003

150 REYKJAVÍK

Varðar: **Umsögn og athugasemdir við frumvarp til laga um Orkustofnun**

Landsvirkjun hefur borist frumvarp til laga um Orkustofnun, sem lagt var fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003.

Fyrirtækið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Miðað við hið víðtæka stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk sem Orkustofnun er ætlað samkvæmt frumvarpinu og frumvarpi til raforkulaga sem liggur fyrir Alþingi, er Landsvirkjun sammála því að óhjákvæmilegt sé að aðskilja rannsóknarluta stofnunarinnar frá stjórnsýsluhluta hennar.

Á hinn bóginn virðast fyrirbyggjandi lagafrumvörp ekki leysa þann vanda sem felst í því hver skuli stunda og fjármagna virkjunarrannsóknir fram að útgáfu rannsókn- og/eða virkjunarleyfa.

Að einhverju marki sýnist gert ráð fyrir að Orkustofnun leggi fé til rannsókna, en að öðru leyti komi fé til þeirra frá orkufyrirtækjum eða öðrum. Í 8. grein frumvarpsins er kveðið á um að framkvæmdaraðili sem fær virkjunar- eða nýtingarleyfi skuli endurgreiða Orkustofnun þann kostnað við rannsóknir og áætlanagerð sem greiddur hafi verið af ríkinu.

Í frumvarpinu þyrfti að vera ákvæði um endurgreiðslu þess kostnaðar sem aðrir en ríkið hafa lagt út vegna rannsókna sem vistaðar eru hjá Orkustofnun samkvæmt 2. og 3. grein frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson  
forstjóri